

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hörgslandi 1, Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

#### *Breyting á deiliskipulagi í landi Hörgslands 1.*

Breytingin felur í sér að mörk deiliskipulags til austurs færast og eru eftir breytingu í beinni línu að þjóðvegi frá norðaustur horni núverandi marka deiliskipulags. Byggingarlóð fyrir þjónustumiðstöð (lóð B) stækkar til vesturs, einnig er lóð snúið. Bílastæði vestan lóðar færast til vesturs. Byggingarlóð C stækkar til suðurs og austurs. Gert er ráð fyrir 20 herbergja svefnálmum á lóðinni í stað 14 herbergja.

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps 15. maí 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 8. júní 2012.*

**Anton Kári Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2012